




Stefna ríkisins til næstu fimm ára: Áskoran í uppsveiflu

Við upplifum nú sterka uppsveiflu í efnahagslífinu. Íslenska hagkerfið hefur vaxið hratt frá árinu 2011 og gangi hagspár eftir verður áframhaldandi vöxtur á komandi árum. Þó eðli máls samkvæmt sé auðveldara að reka ríkissjóð á tímum góðæris en á tímum samdráttar þá fylgja betri tímum einnig áskoranir. Í uppsveiflu þegar tekjustofnar stækka og kröfur um auknar fjárveitingar verða háværari reynir oft mest á framtíðarsýn og festu þeirra sem með völdin fara. Uppsveiflur eru aldrei eilífar og skiptir því sköpum að stjórnvöld hugsi til lengri tíma, sýni ábyrgð í fjárveitingum og nýti það svigrúm sem myndast til að greiða niður skuldir og búa í haginn fyrir erfiðari tíma.



Heimild: Hagstofa Íslands

Hið opinbera er umsvifamikil í íslensku hagkerfi og tekur til sín stærri hluta verðmætasköpunar en gengur og gerist í flestum öðrum þróuðum ríkjum. Mikið umfang hins opinbera veldur því að fjármálastefna þess hefur mikil áhrif á hagsveifluna. Því er það á ábyrgð stjórnvalda að leitast við að draga úr sveiflum frekar en að magna þær. Á góðæristímum felst ábyrg hagstjórn í því að halda að sér höndum, koma böndum á útgjaldavöxt og mæta skattkerfisbreytingum með tilheyrandi aðhaldi á útgjaldahlið. Því miður hefur hið opinbera á Íslandi fremur aukið sveiflur en jafnað þær en skv. mati Alþjóðgjaldeyrissjóðsins hefur frammistaðan verið verst hér á landi að einungis Eistlandi og Grikklandi undanskildum.




Heimild: AGS

Fjármálastefna ríkisins til næstu fimm ára

Fyrir Alþingi Íslendinga liggja nú tillögur til þingsályktunar um áætlun og stefnu opinberra fjármála næstu fimm árin. eru þær lagðar fram í fyrsta skipti á grundvelli nýrra laga um opinber fjármál og er ætlað að marka fjármálastefnu fyrir komandi ár. Þrátt fyrir að í það minnsta tvisvar verði kosið til þings á tímabilinu og margt geti breyst þá gefur framlögð áætlun vísbendingar um áherslur núverandi stjórnvalda og skapar væntingar ríkisstofnanna til fjárveitinga á komandi árum.

Treyst á sögulega langt hagvaxtarskeið


Það má greina mikinn vorhug í þingsályktunartillögunum tveimur. Felst hann ekki síst í því að þó byggt sé á þjóðhagssþá Hagstofu Íslands, sem teljast má eðlilegt við mat á tekjuforsendum, þá eru litlir varnaglar slegnir við spánni. Er það óvarleg bjartsýni í ljósi þess að gangi þjóðhagsspáin eftir án meiriháttar áfalla þá lifum við nú eitt lengsta hagvaxtarskeið Íslandssögunnar. Reynsla landsmanna er hins vegar sveifluskotnari en svo að gera megi ráð fyrir stöðugum meðalhagvexti samfleytt í ellefu ár.



Heimild: Hagstofa Íslands

Afkoman rétt svo gægist yfir núllið


Þrátt fyrir spá um bjarta tíma þá virðist ekki ætlunin að nýta þá til að búa í haginn fyrir aðra verri. Þvert á móti er stefnan sú að njóta uppsveiflunnar meðan hún varir. Sést það berlega á afkomu ríkissjóðs skv. áætluninni en þó að gert sé ráð fyrir vaxandi tekjuafgangi má lítið út af bregða til að ríkissjóður verði aftur rekinn með halla. Fari t.d. svo að hagvöxtur verði prósentustigi lægri hvert ár spátímans en útgjöldin þá hverfur afgangurinn og verður tap af rekstri ríkissjóðs frá árinu 2020. Betur færi á því að gera hófstílltari útgjaldaáætlunir og nýta heldur umframsvigrúmið sem gæti myndast til að grynka enn frekar á skuldum ríkissjóðs eða til að mæta öðrum óvæntum útgjöldum. Framtíðin er ekki fyrir séð, björt og fögur, og því mikilvægt að haga áætlunum eftir því.



Heimild: Efna hagssviðs SA, langtímaætlun ríkisfjármála

Fjárfestingastig ríkisins á að haldast nánast óbreytt út tímabilið og ástæðu þess að ekki er gert ráð fyrir meiri afgangi af ríkissjóði má því finna í bröttum útgjaldaáætlunum til annarra málaflokka. Vaxandi tekjur komandi ára á að nýta í hina ýmsu útgjaldaliði en allt frá árinu 2012 hafa frumútgjöld ríkissjóðs, þ.e. útgjöld án vaxtakostnaðar, aukist jafnt og þétt. Fjármálastefnan gerir síst ráð fyrir viðsnúningi á þeirri þróun og gangi áætlunin eftir verða frumútgjöld ríkissjóðs á hvern Íslending á svipuðum slóðum og þegar mest lét árin 2007 og 2008.

Frumútgjöld ríkisjóðs á verðlagi 2016
- m.kr. á hvern Íslending




Heimild: Hagstofa Íslands, langtímaáætlun ríkisfjármála

Útgjöld og skattar í hæstu hæðum

Í dag eru útgjöld sem hlutfall af vergri landsframleiðslu nánast hvergi hærra meðal þróaðra ríkja en á Íslandi. Á myndinni hér að neðan eru borin saman útgjöld ríkja innan OECD og leiðrétt fyrir greiðslum almannatrygginga vegna mismunandi lífeyriskerfa í löndunum. Kemur þá í ljós að einungis í Grikklandi voru útgjöld hins opinbera meiri árið 2014 en á Íslandi. Útgjaldaáætlun stjórnvalda eins og hún birtist í þingsályktunartillögum stefnir að því að frumútgjöldin vaxi á svipuðum hraða og landsframleiðslan og virðist því stefnan að halda þessu hlutfalli óbreyttu á komandi árum. Ekki bætir úr skák að sterk hefð er fyrir umframkeyrslu ríkisstofnanna og má því frekar ætla að hlutfallið hækki fremur en hitt. Það virðist því stefna stjórnvalda að íslenska ríkið verði áfram eitt það umsvifamesta meðal þróaðra ríkja.


Útgjöld hins opinbera árið 2014, leiðrétt fyrir greiðslum almannatrygginga
- sem % af VLF



Heimildir: Efnahagssviðs SA, Macrobond

Það þarf miklar tekjur til að standa undir miklum útgjöldum en að Danmörku undanskilinni tekur hið opinbera hvergi til sín stærri hluta verðmætasköpunarinnar en á Íslandi. Skatttekjur nema hér nærri þriðjung landsframleiðslu og eru langt yfir meðaltali OECD.

Heildarskatttekjur hins opinbera árið 2014, leiðrétt fyrir greiðslum almannatrygginga¹
- sem % af landsframleiðslu



¹Ástralía, Holland, Pólland, Japan og Mexíkó tölur fyrir árið 2013

Heimildir: Efnahagssvið SA, Macrobond

Lítið svigrúm til að mæta bakslagi

Ástæða þess að ríkissjóður skilar ekki meiri afgangi en raun ber vitni er bersýnilega tengd miklum útgjöldum í alþjóðlegum og sögulegum samanburði. Í stað þess að ríkið leggist gegn hagsveiflunni virðist stefnan fremur vera að ýtt sé undir hana á komandi árum. Tekjur ríkissjóðs eru miklar og skattar háir og mætti því ætla að svigrúm hefði myndast við þann viðsnúning sem orðið hefur í hagkerfinu á síðustu árum til að skila myndarlegum afgangi og greiða niður þær skuldir sem söfnuðust upp árin eftir hrun. Því miður hefur sú leið ekki verið farin og þess í stað hefur auknum tekjum samstundis verið varið í aukin útgjöld. Er það miður, ekki einungis vegna þess að vannýtt eru tækifæri til að minnka vaxtakostnað og byrði framtíðarkynslóða, heldur einnig vegna þeirrar skammsýni sem einkennir þá stefnu. Þó spá Hagstofu Íslands um stöðugan hagvöxt næstu sex árin geti vel gengið eftir þá er óábyrgt að ganga að því vísu. Hið opinbera verður að búa í haginn og vera tilbúið að bregðast við áföllum því ekki er spurning um hvort heldur hvenær þau verða.

Fjármálaáætlun stjórnvalda er ekki nægilega varfærin og skapar væntingar ríkisstofnana um mikla aukningu opinberra framlaga á komandi árum. Það er ávallt freistandi fyrir stjórnvöld að auka útgjöld ef tekjur eru að vaxa og ber fimm ára áætlun þeirra þess merki. Í stað þess að búa í haginn er boginn spenntur og er fyrirvíðanlegt að hugsa til þess ef illa fer. Verður það erfitt verkefni að bregðast við áföllum skuldsettari en við síðasta samdrátt, með skatta í hæstu hæðum og útgjaldarammann þanninn.